



35. Skotþing Skotþróttasambands Íslands, 25. maí 2013.

Þingið er haldið í ÍSÍ, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fundargerð Skotþings.

1. Þingsetning.

Halldór Axelsson, formaður Stí, setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna.

2. Kosið í þriggja manna kjörbréfanefnd.

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um eftirfarandi:

Steinar Einarsson SFK
Sigurgeir Arnþórsson SR
Jóhann Norðfjörð SFS

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Nefndin tekur þegar til starfa.

3. Kosning þingforseta og þingritara.

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um Jóns S. Ólason sem þingforseta.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Halldór Axelsson leggur fram tillögu um Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Jón S. Ólason, þingforseti, tekur til starfa og leggur fram tillögur stjórnar um starfsnefndir þingsins.

4. Kosning fastanefnda þingsins.

a) Fjárhagsnefnd.

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi:

Guðmundur Kr. Gíslason SR
Jóhann Norðfjörð SFS
Jens Magnússon SK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

b) Laganefnd.

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi:

Jón S. Ólason SKA
Guðmann Jónasson MAV
Árni Pálsson SK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

c) Alsherjarnefnd.

Tillaga liggur fyrir um eftirfarandi:

Halldór Axelsson SR
Stefán Jónsson SFK
Kristinn Rafnsson SÍH

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Formaður Stí, Halldór Axelsson, flytur skýrslu stjórnar.

Skýrsla Stjórnar Stí 2013.

Halldór Axelsson flytur kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ og framkvæmdastjóra, Líney Halldórsdóttur.

Síðasta ár hefur verið eitt það viðburðarikasta í sögu sambandsins, þar hæst þátttaka Ásgeirs Sigurgeirssonar á Ólympíuleikunum í London.

Einnig hafa verið miklar breytingar á reglum í Ólympískum skotgreinum sem hafa þýtt aðlögun í mótahaldi og aukið álag á mótshaldara.

Hafinn hefur verið undirbúningur að betri menntun þjálfara í tengslum við ISSF og eru samningar á lokastigi um að halda D – þjálfaranámskeið hérlendis í haglagreinum.

Kynningarátak á skotiþróttum er í burðarliðnum, en til þess að geta tekið sómasamlega á móti nýliðum verður fyrst að bæta og samræma grunnþjálfun og er meiningin að halda samskonar námskeið í kúlugreinum og nota grunnkerfi ISSF fyrir nýliða.

Umgjörð afreksmála er að færast í fastan farveg í kúlugreinum og hefur Matthias Hahn landsliðsþjálfari Finna í skammbýssu verið okkur innan handar í þeim málum.

Úrbóta er þörf í umgjörð haglagreina og er verið að vinna í þeim málum, þar sem lögð er áhersla á skýrari vinnubrögð og skipulagða þjálfun.

Það er nauðsynlegt að skilgreina betur kröfur STÍ um mótahald og dómgæslu og höfum við rætt við fulltrúa ISSF um þau atriði sem að tengjast sérstöðu okkar í tækjabúnaði og aðstöðu.

Íþróttalegur árangur síðasta árs einkenndist af afrekum Ásgeirs Sigurgeirssonar:

Hann hafnaði 14. sæti á ÓL í loftskammbyssu og 32. sæti í Frjálsri skammbyssu.

Hann komst í átta manna úrslit á síðasta EM í loftskammbyssu og setti á dögnum glæsilegt nýtt Íslandsmet í loftskammbyssu 589 stig.

Ásgeir er nú í 22. sæti á heimslistanum í AP loftskammbyssu og í 26. Sæti í FP frjálsri skammbyssu.

Fjárhagsleg staða Sambandsins er með ágætum, og er það stefna stjórnar að framkvæma ekki um efni fram og miða verkefni við fjárhagslega getu.

Þetta þýðir samt sem áður að við höfum þurft að takmarka þáttöku í mótum erlendis og að mörg áhugaverð verkefni verða að bíða betri tíma.

Með betri kynningu á skotíþróttum gerum við okkur vonir um að auðveldara verði að finna styrktaraðila fyrir sambandið og að með auknum þrýstingi á ríkisvaldið takist íþróttahreyfingunni að fá sanngjarnari úthlutun fjármuna.

Vopnalagafrumvarpið liggur enn fyrir Allsherjarnefnd alþingis og var þar einnig þegar að við hittumst á síðasta þingi. Við vonumst til að eitthvað gerist með nýjum valdhöfum, þar sem margir þættir tengdir okkar íþrótt eru í óvissu þangað til að frumvarpið verður afgreitt.

Á næstu árum bíða okkar stór verkefni. Smáþjóðaleikar verða haldnir á Íslandi árið 2015, 1. til 6. júní, og er undirbúningur fyrir leikana þegar hafin.

Það er öllum ljóst að Stí þarf aðstoð allra aðildarfélaganna til að manna sjálfböðastörf við Smáþjóðaleikana 2015, sem að sambandið leggur mikinn metnað í að takist vel, ásamt ÍSÍ.

Við munum á næstu mánuðum fá fleiri upplýsingar um framkvæmd Smáþjóðaleikana - og stjórn Stí mun í kjölfarið óska eftir aðstoð ykkar félaga við undirbúning og framkvæmd leikana.

Skotfimi verður ein aðalgreina á nýjum Evrópuleikum sem verða haldnir í Baku í Azerbajjan seinni partinn í júní árið 2015 og munum við stefna á þáttöku á þeim viðburði.

Stjórn Stí mun leggja sig fram um að eiga keppendur á næstu ÓL í Brasilíu 2016, en til þess að það sé mögulegt verða aðildarfélagin að styðja vel við bakið á okkar besta íþróttafólki þannig að það eigi möguleika að ná þeim árangri sem er krafist.

Ég vil að lokum þakka samstarfið á liðnu ári, og hvet ykkur og ykkar félög til að taka þátt með Stí í þeim verkefnum, sem eru framundan á næstu misserum.

Fyrir hönd stjórnar Skotíþróttasambands Íslands,
Halldór Axelsson, formaður.

6. Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar.

Guðmundur Kr. Gíslason gjaldkeri greinir frá góðri stöðu sambandsins og að skuldir þess séu engar. Guðmundur fer yfir reikninga, gjöld, tekjur ofl á myndvarpa. Með áframhaldandi aðhaldi í fjármálum sambandsins, segir Guðmundur, framtíðina bjarta.

Þingforseti gefur orðið laust um skýrslu og reikninga sambandsins.

Nokkrar umræður eru úr sal um góða stöðu Stí og rætt um að staðan ætti að auðvelda sambandinu að sækja um styrki í framtíðinni.

- **Reikningar og skýrsla Stí er samþykkt samhljóða.**

7. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, leggur fram tillögu stjórnar um fjárhagsáætlun sambandsins fyrir næsta ár:

Fjárhagsáætlun stjórnar 2013

| GJÖLD: | <u>Krónur</u> |
|----------------------------|----------------|
| Þjálfun, kennsla, námskeið | 500.000 |
| Skrifstofukostnaður | 2.750.000 |
| Þátttaka í erlendum mótum | 6.000.000 |
| Útgáfa kynningarefnis | 300.000 |
| Annað ófyrirséð | 500.000 |
| | 10.050.000 |
| TEKJUR: | |
| Lottó | 2.300.000 |
| Útbreiðslustyrkur | 1.600.000 |
| Ríkisstyrkur skrifstofu | 3.100.000 |
| Aftekssjóður ÍSÍ | 2.900.000 |
| Aðrar tekjur | 1.000.000 |
| | 10.900.000 |
| TEKJUAFGANGUR | 850.000 |

- Vísað til Fjárhagsnefndar. Þingskjal # 1.

8. Laððar fram lagabreytingar sem fram hafa komið.

Engar tillögur um lagabreytingar hafa komið fram og fellur því þessi liður niður.

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

Frá Skotfélaginu Markviss.

Mig langar til að leggja fram eftirfarandi spurningar út af final kvenna í Skeet á STÍ mótum og vonast eftir að mótanefnd taki þetta til athugunar áður en tímabil hefst. Og gaman væri að fá svar við þessari spurningu og niðurstöðu mótanefndar.

Hefur mótanefnd sett saman einhverjar reglur um hvernig staðið verði að final í kvennaflokk þar sem oft er ekki nema ein til tvær konur að keppa? Á undanförunum árum hefur verið mjög breytilegt hvort skotinn hafi verið final eða ekki þegar svo fáar konur hafa verið að keppa.

Mér þætti gaman að sjá að reynt yrði að festa niður áður en tímabilið hefst hvernig eigi að haga final kvenna til að ekki komi til eins og á Bikarmótinu í fyrra þar sem að keppendur voru að hringja út um allt til að fá fillera svo að hægt væri að skjóta final. Sem að keppendur eiga ekki að gera. Heldur á mótshaldari að vera með fillera klára ef til þess kemur að ekki eru nógu margir keppendur. Einfaldast væri að ekki þyrfti að fylla upp í final ef keppendur ná ekki tilskyldum fjölda.

Þannig að ef keppendur eru 2 að þá sé farið beint í final en semi final sé skotinn ef keppendur eru 3 eða fleiri.

Snjólauug Jónsdóttir, Skotfélagið Markviss.

- **Visað til Alsherjarnefndar. Þingskjal # 4**

Frá Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Kristinn Rafnsson.

Árþing Skotíþróttasambands Íslands 2013.
Tillaga til skotþings 2013 varðandi framkvæmd móta í skeet.

Skotþing 2013 samþykkir að skotmót í skeet þar sem ekki eru vallarlínuverðir verði ekki gild til meta og flokka.

Rökstuðningur

Það hlýtur að teljast óeðlilegt að einstaklingur sem setur Íslandsmet á skotkeppni þar sem farið er eftir reglum ISSF varðandi dómgæslu eigi á hættu að missa það í hendur öðrum íþróttamanni sem setur met á skotkeppni þar sem ekki er farið eftir reglum ISSF varðandi dómgæslu.

Allir þeir sem komið hafa nálægt skeet íþróttinni og hafa tekið þátt í keppni í þeirri grein vita að það er algengt að skotmörk eru brotin utan vallarmarka. Á mótum þar sem farið er að reglum varðandi línuverði kemur oft fyrir að slík skotmörk eru dæmd misst.

Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar.

- **Viðauki til Alsherjarnefndar. Þingskjal # 5**

Fyrirhuguð breyting á flokkakerfi STÍ, Guðmundur Kr. Gíslason, SR.

Stjórn STÍ hafði ákveðið að breyta flokkakerfinu þannig að eftir að skotmaður hefur náð ákveðnum flokki, þá fellur hann aldrei niður í fyrri flokk, einsog verið hefur. Þannig að þeir sem ná einu sinni meistaraflokki, falla ekki niður í 1. eða 2.flokk einsog hefur verið.

Það hefur borið á gagnrýni gagnvart þeim sem eru á uppleið í skotfiminni og lenda svo í því að t.d. á Íslandsmóti eru þeir komnir í 2.flokk og mæta þá jafnvel fyrrverandi meistaraflokksmanni sem hvílt hefur í tvö ár.

Meginbreytingin verður því sú að í 2.grein reglugerðar um flokkaárangur, breytist liður 2 í

„Keppandi heldur þeim flokkaárangri sem hann nær og fellur aldrei um flokk.“

Einnig breytist 5.greinin þannig að viðurkenningar verða keppendum að kostnaðarlausu. Greinin mun því hljóða svo:

„STÍ veitir sérstægt flokkamerki til keppenda sem ná 2.flokki, 1.flokki og Meistaraflokki, þeim að kostnaðarlausu“

- **Viðauki til Alsherjarnefndar. Þingskjal # 6**

Hugmyndir um mótahald, Guðmundur Kr. Gíslason, SR, gerir grein fyrir tillögum.

a. Keppt yrði í sameinuðum flokki kvenna og karla "Unisex" á almennum landsmótum. Skráður yrði árangur kynjanna samkvæmt þeim reglum sem um þau gilda skv.reglum STÍ og/eða ISSF.

b. Í keppni í skeet yrði fyrirkomulagið þannig að ef keppendur eru 16 eða fleiri, verði þeim skipt í A og B flokk og keppt eftir því á seinni degi. Haldnir yrðu tveir finalar og veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hvorum flokk.

c. Verðlaunaveitingum í flokkum á almennum landsmótum yrði hætt.

d. Á Íslandsmóti yrði keppnisfyrirkomulag með hefðbundnum hætti.

e. Meistaraflokksmenn kepptu þó ávallt í A-flokki.

d. Ekki verður haldinn final á mótum nema lágmarkspáttaka náist í greininni. Nokkrar umræður eru um tillöguna úr sal.

- **Viðauki til Alsherjarnefndar. Þingskjal # 7.**

Þingforseti biður Kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum sínum.

Formaður Kjörbréfanefndar, Steinar Einarsson, gerir grein fyrir störfum nefndarinnar og lýsir kjörbréfin lögleg.

10. Þinglé.

11. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir tillögum Fjárhagsnefndar.

Lagt er til að þingskjal # 1 verði samþykkt óbreytt.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Halldór Axelsson gerir grein fyrir þingskjali # 4.

Alsherjarnefnd leggur til að Stí setji reglur um finale kvenna.

Umræður eru úr sal um útfærslu tillögu um finale kvenna.

Lagt er til að vísa tillögunni til stjórnar Stí, sem útfæri reglurnar, sem fyrst.

- Samþykkt samhljóða.

Halldór Axelsson gerir grein fyrir tillögum Alsherjarnefndar um þingskjal # 5.

Alsherjarnefnd leggur til að stjórn Stí útfæri reglurnar, þ.e. hvar línuverðir eigi að vera staðsettir á vellinum osfv.

Nokkrar umræður eru um málið úr sal.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

Halldór Axelsson gerir grein fyrir tillögum Alsherjarnefndar um þingskjal # 6.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað aftur til þings sem ræði flokkareglurnar nánar.

Þingforseti gefur orðið laust um þingskjal #6.

Nokkrar umræður eru um flokkareglurnar úr sal.

- Tillagan um þingskjal # 6 er feld með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Halldór Axelsson gerir grein fyrir tillögum Alsherjarnefndar um þingskjal # 7.

Halldór fer yfir ýmis atriði er varða þingskjal #7. Hann bendir m.a. á að þessi tillaga henti ekki í Skeet.

Nokkrar umræður eru úr sal um tillöguna.

Þingforseti leggur til að þingskjali #7 verði vísað til stjórnar og stjórn hafi samráð við formenn félagana um útfærslur tillögunnar.

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

12. Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagsskiptagjaldi til STÍ.

Guðmundur Kr. Gíslason, gjaldkeri, leggur fram eftirfarandi tillögu stjórnar Stí.

Tillaga til fjárhagsnefndar um keppnis- og félagaskiptagjald Stí

Tillaga frá stjórn Stí um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnir keppnisgjaldi, og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglunga.

Tillaga er því um:

Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á Stí móti

Félagaskiptagjald kr. 3,000

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

13. Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins til vara.

Jón S. Ólason, þingforseti, greinir frá því að samkvæmt lögum sambandsins þurfi tilkynningar um framboð til stjórnar Stí að berast þremur vikum fyrir boðað þing.

Þau framboð sem hafa borist fyrir tilsettan tíma eru:

Til formanns til eins árs, Halldór Axelsson SR.

- Ekkert annað framboð hefur borist og er Halldór Axelsson því sjálfkjörinn formaður til eins árs.

Til aðalstjórnar til 2ja ára:

Kjartan Friðriksson, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára

Jóhann A. Kristjánsson, SFK, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára

Til varamanns til 2ja ára:

Sigurgeir Arnþórsson, SR, tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára

- Engin önnur framboð hafa borist og eru þeir því sjálfkjörnir.

Áfram sitja:

Jón S. Ólason, SKA, situr áfram í aðalstjórn
Guðmundur Kr. Gíslason, SR, situr áfram í aðalstjórn
Jórunn Harðardóttir, SR, situr áfram í varastjórn

14. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Tillaga er um:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR
Jónas Hafsteinsson, SFK

Varamenn:

Hermann Kristjánsson, SR
Hannes Haraldsson, SFK

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

15. Kosning þriggja manna í mótanefnd Stí og þriggja til vara.

Tillaga er um:

Örn Valdimarsson, SR
Jóhann A. Kristjánsson, SFK
Kári Grétarsson, SÍH

Varamenn:

Finnur Steingrímsson, SA
Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Snjólaug M. Jónsdóttir, MAV

- Tillagan er samþykkt samhljóða

16. Kosning þriggja manna í dómarnefnd Stí og þriggja til vara.

Tillaga er um:

Ívar Erlendsson, SÍH
Steinar Einarsson, SFK
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Áki H. Garðarsson, SA
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, SR

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

17. Kosning þriggja manna í aqanefnd Stí og þriggja til vara.

Tillaga er um:

Jón S. Ólason, SKA
Kjartan Friðriksson, SR
Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Guðmann Jónasson, MAV
Guðmundur H. Brynjarsson, SA
Jóhann Norðfjörð, SFS

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

18. Kosning þriggja manna í ritnefnd Stí og þriggja til vara.

Tillaga er um:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR
Örn Valdimarsson, SR
Ásdís G. Halldórsdóttir, SR

Varamenn:

Einar Guðmann, ÍSA
Ferdinand Hansen, SÍH
Björn S. Guðbrandsson, SA

- Tillagan er samþykkt samhljóða.

19. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

Það er ekki haldið ÍSÍ þing á þessi ári og fellur því þessi liður niður.

20. Önnur mál.

Viðurkenningar.

Veittar eru viðurkenningar fyrir afrek skotíþróttafólks.

Viðurkenningar eru veittar fyrir góðan árangur keppenda hér heima og erlendis svo og fyrir íslandsmet á s.l. tímabili.

Þingforseti gefur orðið frjálst.

Umræður úr sal.

Rætt er um endurnýjun heimasíðu Stí og þar kemur fram að búið sé að ráða mann í þá vinnu.

Umræða er um þjálfaranámskeið, þýðingu reglna í skotíþróttum, dómaramál og almennt um skotíþróttir.

21. Þingslit.

Þingforseti, Jón S. Ólason, biður formann Stí, Halldór Axelsson, að slíta þingi.

Halldór Axelsson þakkar þingheimi gott þing og lýsir þingi slitið.

Þingritari, Kjartan Friðriksson.

Þingforseti, Jón S. Ólason.